**347. fundur sveitarstjórnar Bláskógabyggðar haldinn í Aratungu, Reykholti, miðvikudaginn 22. nóvember 2023, kl. 16:30.**

**Fundinn sátu:**
Helgi Kjartansson, Stefanía Hákonardóttir, Sveinn Ingi Sveinbjörnsson, Guðrún S. Magnúsdóttir, Guðni Sighvatsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Áslaug Alda Þórarinsdóttir, Anna Greta Ólafsdóttir, Jón Forni Snæbjörnsson og Ásta Stefánsdóttir.

**Fundargerð ritaði**: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. **Fundargerð atvinnu- og ferðamálanefndar - 2301009**
   Fundur haldinn 30.10.2023
   *Fundargerðin var lögð fram til kynningar.*

2. **Samþykktir Sorpstöðvar Suðurlands - 2311013**
   Tillaga að nýjum samþykktum fyrir Sorpstöð Suðurlands, síðari umræða.
   *Sveitarstjórn staðfestir samþykktir Sorpstöðvar Suðurlands.*

3. **Gjaldskrá fráveitu og hreinsun rotþróa 2024 - 2310023**
   Gjaldskrá fráveitu og hreinsun rotþróa, fyrri umræða
   *Gjaldskránni er vísað til síðari umræðu.*

4. **Gjaldskrá vatnsveitu 2024 - 2310022**
   Gjaldskrá vatnsveitu, fyrri umræða
   *Gjaldskránni er vísað til síðari umræðu.*

5. **Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs 2024 - 2310021**
   Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs, fyrri umræða
   *Gjaldskránni er vísað til síðari umræðu.*

6. **Gjaldskrá mötuneytis 2024 - 2310020**
   Gjaldskrá mötuneytis, fyrri umræða
   *Gjaldskránni er vísað til síðari umræðu.*

7. **Gjaldskrá leikskóla 2024 - 2310019**
   Gjaldskrá leikskóla, fyrri umræða
   *Gjaldskránni er vísað til síðari umræðu.*

8. **Gjaldskrá íþróttamiðstöðva 2024 - 2310018**
   Gjaldskrá íþróttamiðstöðva, fyrri umræða

*Gjaldskránni er vísað til síðari umræðu.*

**9. Gjaldskrá gámasvæða 2024 - 2310017**

Gjaldskrá gámasvæða, fyrri umræða

*Gjaldskránni er vísað til síðari umræðu.*

**10. Gjaldskrá frístundar 2024 - 2310016**

Gjaldskrá frístundar, fyrri umræða

*Gjaldskránni er vísað til síðari umræðu.*

**11. Gjaldskrá Aratungu og Bergholts leiga 2024 - 2310015**

Gjaldskrá Aratungu og Bergholts, leiga, fyrri umræða

*Gjaldskránni er vísað til síðari umræðu.*

**12. Gjaldskrá Bláskógaveitu 2024 - 2310014**

Gjaldskrá Bláskógaveitu, fyrri umræða

*Gjaldskránni er vísað til síðari umræðu og til framkvæmda- og veitunefndar.*

**13. Gjaldskrá Bláskógaljóss 2024 - 2310013**

Gjaldskrá Bláskógaljóss, fyrri umræða

*Gjaldskránni er vísað til síðari umræðu.*

**14. Fjárhagsáætlun 2024 og 2025-2027 - 2308018**

Forsendur fjárhagsáætlunar 2024. Minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 22.11.2023

*Farið var yfir helstu forsendur fjárhagsáætlunar. Sveitarstjórn samþykkir að útsvarshlutfall vegna ársins 2024 verði 14,74%.*

**15. Fjárhagsáætlun 2024 og 2025-2027 - 2308018**

Fjárhagsáætlun 2024 og 2025-2027, fyrri umræða

*Sveitarstjóri fór yfir helstu liði fjárhagsáætlunar. Sveitarstjórn smaþykkir að vísa áætluninni til síðari umræðu.*

**16. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2023 - 2306037**

4. viðauki við fjárhagsáætlun (samstarfsverkefni)

*Lagt var fram yfirlit fyrir Bláskógabyggð með tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun 2023 sem er gerður vegna breytingar á reglugerð 1212/2015. Með breytingu á 20. gr. reglugerðar nr. 1212/2015 var kveðið á um að byggðasamlög, sameignarfélög, sameignarfyrirtæki og önnur félagaform sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélags, skuli færð inn í samantekin reikningsskil sveitarfélagsmiðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélags, þ.e. sveitarfélag skal færa hlutdeild þess í einstökum liðum rekstrar og efnahags, óháð stærð eignarhluta. Í framlögðum viðauka er búið að færa inn hlutdeild eftirfarandi stofnana í áætlun Bláskógabyggðar fyrir árið 2023 : Bergrisinn bs. (4,79%) Brunavarnir Árnessýslu (11,32%) Héraðsnefnd Árnesinga bs. (6,09%) Byggðasafn Árnesinga (6,09%) Listasafn Árnesinga (6,09%) Héraðsskjalasafn Árnesinga (6,09%) Tónlistarskóli Árnesinga (6,09%) Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bs. (4,09%) Umhverfis- og Tæknisvið uppsveita bs. (28,0%). Í fjárhagsáætlun Bláskógabyggðar fyrir árið 2023 er hlutdeild í ofangreindum stofnunum færð í A hluta. Áætluð helstu áhrif : Rekstrarniðurstaða batnar um 0,4 m.kr. Aðrar tekjur hækka um*

*109,4 m.kr. Rekstrargjöld hækka um 96,3 m.kr. Afskriftir hækka um 7,9 m.kr. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur hækka um 4,7 m.kr. Fjárfesting eykst um 15,3 m.kr. Ekki er hægt að meta áhrif á eignir og skuldir þar sem að í flestum áætlunum samstarfsverkefnanna vantar áætlaðan efnahag 2023. Með viðaukanum er lögð fram greinagerð með fyrirvara á viðaukanum, þar sem að fjárhagsáætlanir byggðasamlaganna eru ekki á sama formi og áætlun sveitarfélagsins, þ.e. að það vantar áætlaðan efnahag og sjóðstreymi hjá flestum stofnunum. Settur er fyrirvari um mögulega breytingu á hlutfalli og e.t.v. eiga fleiri samstarfsverkefni að vera í samantektinni. Lagt var fram yfirlit sem sýnir samantekin áhrif breytinga vegna viðaukans á rekstur, sjóðstreymi og fjárfestingaryfirlit. Jafnframt fylgir með sundurliðuð áhrif allra viðauka þar sem m.a. má sjá hvernig fjárhagur einstakra byggðasamlaga hefur áhrif á rekstur sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir þennan viðauka vegna byggðasamlaganna sbr. reglugerð nr. 230/2021 og felur sveitarstjóra að tilkynna hann til viðkomandi aðila.*

**17. Náttúruhamfarir á Reykjanesi - 2311017**

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Grindavíkurbæ, dags. 16. og 17. nóvember 2023, varðandi félagsþjónustu og skólasókn vegna náttúruhamfara.

*Gögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga voru lögð fram.*
*Sveitarstjóri fór yfir stöðu mála í skólum sveitarfélagsins hvað varðar skólasókn barna úr Grindavík.*
*Sveitarstjórn samþykkir að veita fólki sem er með lögheimili í Grindavík frítt í sund og íþróttamiðstöðvar sveitarfélagsins út þetta ár.*

Fundi slitið kl. 19:40.

Helgi Kjartansson

Stefanía Hákonardóttir

Sveinn Ingi Sveinbjörnsson

Guðrún S. Magnúsdóttir

Áslaug Alda Þórarinsdóttir

Anna Greta Ólafsdóttir

Jón Forni Snæbjörnsson

Ásta Stefánsdóttir